

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Deiliskipulag Hraunsholts vestra (Ásahverfi), Furuás 7, grenndarkynning tillögu að óverulegri breytingu.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðin stækki til austurs sem nemur 62,4 m² (úr 802 m² í 864,4 m²). Fjarlægð byggingarreits verður áfram 5 m til norðurs og 3 m til austurs og reiturinn stækkar sem því nemur. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfis).

Ástæða breytingartillögunnar er fyrirhuguð viðbygging við íbúðarhúsið.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 22. júlí 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. ágúst 2014